

## 6. gr.

206

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 1 000.00, nema þyngri refsing liggji við að lögum. 31. des.

Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Keflavíkurkaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi 1. janúar 1959, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um holræsi í Keflavík nr. 182 19. sept. 1945.

*Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1958.*

**Friðjón Skarphéðinsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

## REGLUGERÐ

207

um breyting á reglugerð fyrir vatnsveitu í Keflavík nr. 173 12. sept. 1945. 31. des.

## 1. gr.

9. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi Keflavíkur, sem svo er ástatt um, sem um getur í 8. gr. reglugerðar þessarar, skal greiða vatnsskatt 0,4% af fasteignamatsverði húss og lóðar og auk þess kr. 200.00 fyrir einnar íbúðar hús, en kr. 100.00 fyrir hverja íbúð, sem er í húsi umfram eina.

Tengigjald skal vera kr. 400.00 fyrir einnar íbúðar hús, en kr. 200.00 fyrir hverja íbúð, sem er í húsi umfram eina, og auk þess 0,6% af fasteignamatsverði húss og lóðar.

Fastagjaldið greiðist um leið og leyfi er veitt til tengingar, en fasteignamatsgjaldið þegar húsið hefur verið metið.

Ef hús, er greiða ber af vatnsskatt, eru ekki virt fasteignamatsverði eða húsin eru utan lögsagnarumdæmis kaupstaðarins, ákvarðar vatnsveitunefndin skattinn.

Heimilt er að ákveða vatnsskatt af óbyggðum lóðum, er liggja að götu, vegi eða opnu svæði, sem vatnsæðar liggja um.

## 2. gr.

10. gr. orðist svo:

Verksmiðjur, iðnaðarfyrirtæki og önnur atvinnufyrirtæki, svo og aðrir, sem nota vatn til annars en heimilisþarfa, skulu greiða aukavatnsskatt, og ákveður þá vatnsveitunefnd aukavatnsskattinn samkvæmt áætlaðri notkun.

Vatnsveitunefnd ákveður gjöld fyrir uppsetningu mæla, leigu eftir þá, og greiðslu aukavatnsskatts, ef vatn verður selt eftir mæli.

## 3. gr.

11. gr. orðist svo:

Fyrir vatn til hafnarinnar greiðist 25% af söluverði þess vatns, sem höfnin afhendir.

1. málsgr. 16. gr. orðist svo:

Gjaldár vatnsveitunnar er almanaksárið og annast bæjarstjóri reikningshald og innheimtu skattsins. Gjaldldagi er 2. janúar ár hvert. Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari reiknast í heilum krónum.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Keflavíkurkaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi 1. janúar 1959, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1958.*

**Friðjón Skarphéðinsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

## G J A L D S K R Á

**fyrir vatnsveitu Seyðisfjarðarkaupstaðar.**

Vatnsskattur skal vera sem hér segir:

1. Húseigendur á vatnsveitusvæðinu greiði 0.7% af fasteignaverði húseigna sinna.
2. Fyrir vatn í síldar eða kjötpækil skal greiða 50 aura fyrir hverja tunnu síldar og kr. 1.00 fyrir hverja tunnu kjöts.
3. Fyrir vatn til fiskþvottar kr. 1.00 fyrir hvert skippund fiskjar.
4. Fyrir vatn til skipa skal greiða við afhendingu kr. 10.00 fyrir hverja smálest vatns, þó eigi minna í hvert skipti en kr. 50.00 fyrir fiskiskip og kr. 100.00 fyrir öll önnur skip. Bæjarstjórnin getur, fyrir eitt ár í senn eða skemmri tíma, gert samning við eigendur eða umráðamenn skipa um árgjöld eða mánaðargjöld af þeim.
5. Fyrir aðra notkun ákveður bæjarstjórnin gjald, þegar ástæða þykir til. Gjöld þessi getur bæjarstjórnin hækkað eða lækkað allt að 50%.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi 1. janúar 1959 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá fyrir vatnsveitu Seyðisfjarðarkaupstaðar nr. 62 14. júní 1930 með breytingum nr. 126 1946 og 10/1953.

*Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1958.*

**Friðjón Skarphéðinsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*